

**Nd.**

## **188. Frumvarp til laga**

um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

### **1. gr.**

Á ári hverju skal einn maður af íslenskum ættum, sem búsettur er í Kanada eða Bandaríkjunum og lokið hefur stúdentsprófi vestan hafs, njóta styrks úr ríkissjóði til náms í íslenskum fræðum í heimspekideild Háskóla Íslands.

### **2. gr.**

Námsstyrkur samkvæmt 1. gr. skal miðaður við það, að nemandinn fái greiddan fullan kostnað af húsnæði, fæði og kaupum nauðsynlegra námsbóka. Menntamálaráðherra úrskurðar kostnað þennan, að fengnu álitni heimspekideildar háskólans, og skal fæðis- og húsnæðiskostnaður greiddur á mánuði hverjum fyrirfram.

### **3. gr.**

Ráðherra ákveður, hver styrks þessa skuli verða aðnjótandi í hvert sinn, að fengnum tillögum stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og heimspekideildar Háskóla Íslands.

Sá, er styrk hlýtur, skal njóta hans meðan hann stundar nám í deildinni, þó aldrei lengur en 5 ár.

### **Greinargerð.**

Það vekur undrun og aðdáun okkar á Íslandi, hversu mikla þrautseigju íslenska þjóðarbrotið vestan hafs hefur sýnt í baráttunni við að halda óslitnum tengslum við íslenskt mál og menningu og hverjum árangri það hefur náð í því starfi, þegar athugað er, hve hér er við ramman reip að draga. Þetta litla þjóðarbrot er dreift víðsvegar um milljónaþjóðfélög, eins og smáeyjar umflotnar hafi völdugrar, annarlegrar menningar og tungu, og hver einstaklingur þess jafnframt háður harðri lífsbaráttu dag hvern sem þegnar hinna miklu erlendu þjóða vestan hafs. Þrátt fyrir þetta hefur þeim auðnast að varðveita íslenskt mál í ræðu og riti fram á þennan dag í meira en hálföld og skapa íslenskar bókmenntir, sem heimaþjóðin getur verið stolt af. Það orkar nú ekki tvímælis, að okkur Íslendingum væri það ómetanlegur ávinningur, ef þetta samband gæti haldizt í framtíðinni, ef mikill hluti þeirra manna í Vesturheimi, sem af íslenzku bergi eru brotnir, gætu varðveitt tungu Íslands og tengsl við menningu og sögu feðra sinna og heimaþjóðarinnar og haldið áfram að auðga íslenskar bókmenntir frá hinum erlendu heimkynnum. Og það gæti einnig orðið stórkostlegt hagsmunamál fyrir hina fámennu íslenzku þjóð, að náin kynni og samstarf gæti haldizt við landa okkar vestan hafs. En sameiginlegt mál og lifandi menningarsamband er skilyrði fyrir því, að svo geti orðið.

Það eru fyllstu líkur fyrir því, að samgöngur vestur um haf verði mun meiri í framtíðinni en verið hefur til þessa, og þar með stóraukin viðskipti á öllum sviðum. Væri þá ekki lítills virði að geta í hvívetna leitað trausts og halds meðal vina og kunningja, en margir landar okkar eru mikils metnir áhrifamenn meðal þeirra völdugu þjóða, er við mundum eiga meginskipti við.

Nú er það margra mál, að við Íslendingar austan hafs höfum sýnt um of tómlæti í því að styðja landa okkar vestra í hinna þjóðlegu baráttu þeirra allt til þessa. En á síðari árum hefur þó mjög aukizt skilningur hér heima á því, hve mál þetta er mikilsvert og um leið starfsemi í þessa átt, sem meðal annars hefur komið fram í stofnun þjóðræknisfélagsins á Íslandi fyrir nokkrum árum og starfsemi þeirri, er það hefur haldið uppi. Tel ég sjálfsagt, að sá félagsskapur hafi forustuna í þeim

málum og að íslenska ríkið veiti því allan þann stuðning, sem það er fært að láta af hendi, til þess að starfsemi þess nái sem bestum árangri.

Frumvarpi því, sem hér er fram borið, er ætlað að vera einn liður í stuðningi íslensku þjóðarinnar við þjóðernisbaráttu landa okkar vestan hafs. Örðugleikar þeirra í þessum efnum eru miklir, eins og drepið er á að framan, og fara þó stórum vaxandi, eftir því sem fleiri kynslóðir þeirra fæðast og alast þar upp. Það er því nauðsynleg undirstaða þessarar starfsemi, að þeir hafi ætíð á að skipa mönnum, sem hafa fullkomna þekkingu og skilning á íslenskri tungu, sögu Íslands og gildi íslenskrar menningar, sem geta tekið að sér að vera oddvitar þeirra í þessum efnum. Með frv. þessu er til þess ætlað, að íslenska ríkið taki að sér að veita ungum mönnum af íslenskum ættum aðstöðu til að njóta fullkominnar visindalegrar menntunar í íslenskum fræðum, það á að vera útrétt hönd þess til landa okkar vestra um aðstoð þeim til handa í hinni þjóðlegu menningarbaráttu þeirra og viðurkenning á gildi hennar fyrir íslensku þjóðina í heild. Ætti ekki að þurfa að efast um, að sú viðleitni bæri nokkurn árangur, þegar athuguð er sú tryggð til áttlandsins og heimaþjóðarinnar, sem löndum okkar vestra er í blóð borin.

En það ætti einnig að vera okkur Íslendingum ekki lítið metnaðarmál, auk þess sem það virðist okkur rík nauðsyn, að auka þekkingu á máli okkar, sögu og þjóðlegum menningarverðmætum, sem er okkar eini hróður og hið eina, sem gefur okkur rétt til að krefjast þess að vera sjálfstæð, fullvalda þjóð. Okkur er nauðsyn að auka þekkingu á þessum efnum meðal hinna völdugu þjóða vestan hafs, sem nú, og ef til vill um langa framtíð, kunna að hafa meiri áhrif en okkur til þessa hefur órað fyrir á örlög þjóðar okkar, og að eignast meðal þeirra talsmenn, sem við getum treyst að þekkingu, skilningi og góðvild. Telja mætti vist, að menn, sem lokið hafa námi því, er hér um ræðir, gengju fyrir öðrum í kennarastöður í íslenskum fræðum við háskóla vestan hafs.